


## Ídag íkvöld



Hallsteinn Sigurðsson við eitt verka sinna.



Asa Ólafsdóttir við nokkur verka sinna.

# Gróska á Kjarvalsstöðum

– fjórar sýningar á sama tíma

A Kjarvalsstöðum er mikið um að vera um þessar mundir: Þar sýnir um þessar mundir Septemhópurinn í vestursal, Asa Ólafsdóttir sýnir myndvefnað á vesturgangi, Hallsteinn Sigurðsson myndverk á austurgangi og úti, og í Kjarvalsall er sýnd nýppgerð vinnustofa meistarans.

## Próun úr smáu í stórt

Hallsteinn Sigurðsson sýnir tæplega 30 verk á austurgangi Kjarvalsstaða, og auk þess úti á stéttinni í kverf Kjarvalsstaða. Myndirnar eru flestar unnar í ex-positio kvars og steinsteypu, en nokkrar í plötujárn. Hallsteinn

sagði um sýningu sína, þegar blm. Vísir ræddi við hann fyrir nokkru, að hann hefði viljað sýna öll þessi verk sín saman einu sinni, „til að marka þróunina úr smærri verkunum og þeim mýkri yfir í þær stóru, sem eru unnar meira geometriskt“.

Hallsteinn lauk námi frá Myndlist- og handibaskóla Íslands 1966, og var síðan við nám í Bretlandi sex ár á eftir. Hann hefur auk þess farið víða í námsferðir. Einkasýningar og samsýningar eru orðnar margar hérlendis og erlendis og meðal verka hans má nefna Minnimerki látinna sjómanna, sem reist var á Húsavík fyrr á þessu ári.

## Sótt í veggheðslur fornar

A vesturgangi sýnir Asa Ólafsdóttir myndvefnað, en þetta er hennar fyrsta einkasýning. Hún hefur áður tekið þátt í samsýningum hér á landi og í Svíþjóð, en þar hefur hún búið undanfarin ár frá því námi við M.H.I. lauk og þriggja ára kennsluferli þar. Hún stundaði framhaldsnám í Gautaborg, og hefur verið í fullu starfi sem myndvefari.

Myndir Asu eru flestar unnar í ull, bómull og hör og hún vinnur sjálf allt efni sitt, s.s. að líta garnið. Með því kveðst hún geta náð fram hverjum þeim litblæ, sem henni hentar. Hún kveðst einnig gjarnan vefa „af fingrum

fram“, þannig að þótt hún styðjist við ákveðnar skissur, bregður hún út af þeim þegar í sjálfan vefnaðinn er kominn. Og eins og sjá má á verkum hennar, sækir hún gjarnan myndform í gömlu íslensku torfhleðsluna, „sem hefur fylgt mér nokkuð mikið eftir“, eins og hún segir sjálf.

Þetta er sölusýning hjá Asu, og hefur salan gengið vel það sem af er. „Fólkið, sem hefur komið á sýninguna hefur verið afskaplega jákvætt, mun jákvæðara en ég hafði búið við“, sagði Asa og kvaðst að lokum alls ekki sjá eftir því að hafa komið heim með verk sín.

– jsj

# Hljómleikar í Árseli

– Jakob Magnússon og Bubbi leika sundur og saman

Valgeir Guðjónsson, forstöðumaður nýju félagsmiðstöðvarinnar í Árseli í Arbæjarhverfi lætur ekki deigann síga í menningarmálunum. Fjölskylduhátíðin, sem haldin var um síðustu helgi heppnabíst frábælega, um 700 manns mættu og vel á fjórða tug pottablóma bárust húsinu í tilefni dagsins. Og nú á að halda hljómleika.

Hljómsveitin Jack Magnet, sem leikur hér á landi undir stjórn Jakobs Magnússonar, ætlar að troða upp í Árseli í kvöld. Auk þess mun átrúnadargöð allra tóna, Bubbi troða upp, og munu þeir Jakob leika bæði saman og sundur, þ.e. sitt í hvoru lagi, við þetta tækifæri. Að sögn Valgeirs verður hér um þrumukonsert að ræða, enda er húsið afskaplega vel til hljómleikahalds fallið og rúmar um 300 manns.

Hljómleikarnir hefjast kl. 21.00 og verð aðgöngumiða er, eins og Valgeir sagði, „einar smáar 50.00 krónur“. Hann skoraði að lokum á væntanlega hljómleikagesti að taka með sér pottablóm, sem þeir gætu séð af.

– jsj

## Útvarp

Fimmtudagur  
10. september

- 12.00 Dagskrá. Tónleikar. Tilkygningar.
- 12.20 Fréttir. 12.45 Vefurfreginir. Tilkygningar. Tónleikar.
- 14.00 Út í bláinn Sigurður Sigurðarson og Örn Petersen stjórna þætti um útlíf og ferðalög innanlands og leika létt lög.
- 15.10 Miðdegissagan: „Brynja“ eftir Pál Halldórsson. Jóhanna Norðfjörð les (4).
- 15.40 Tilkygningar. Tónleikar.
- 16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Vefurfreginir.
- 16.20 Síðdegistónleikar. Sinfónihljómsveit Berlinarútarvarpsins leikur „Þjófotta skjórin“, forleik eftir Gioacchino Rossini, Ferenc Fricsey stj./ Sinfónihljómsveit Lundúna leikur Sinfóniu nr. 6 í h-moll op. 74 eftir Pjotr Tsjaikovský, Loris Tjeknavorian stj.
- 17.20 Litli barnatíminn. Heiðis Norðfjörð stjórnar Litla barnatímanum frá Akureyri. Hulda Harðardóttir föstra kemur í heimsókn.
- 17.40 Tónleikar. Tilkygningar.
- 18.45 Vefurfreginir. Dagskrá kvöldsins.
- 19.00 Fréttir. Tilkygningar.
- 19.35 Daglegt mál. Helgi J. Halldórsson flytur þáttinn.
- 19.40 A vettvangi.
- 20.05 Einsöngur í útvarpsal. Anna Þórhallsdóttir syngur. Ólafur Vignir Albertsson leikur með á pianó.
- 20.25 Hundrað sinnum gift. Leikrit eftir Vilhelm Moberg. Þýðandi: Hulda Valtyýsdóttir. Leikstjóri: Gísli Halldórsson. Leikendur: Þorsteinn Ó. Stephensen, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Jón Adils, Anna Guðmundsdóttir, Valur Gíslason og Baldvin Halldórsson. (Áður

flutt í nóvember 1969).

- 21.35 Frá tónlistarhátíðinni í Schwetzingen 3. maí s.l. Kammersveitin í Stuttgart leikur, Karl Munchinger stj. Einleikari: Ulrike Anima. Fíðlukonsert nr. 3 í G-dúr (K216) eftir W.A. Mozart.
- 22.00 Yvette Horner leikur frönsk lög með hljómsveit sinni.
- 22.15 Vefurfreginir. Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
- 22.35 Það held ég nú! Umsjón: Hjalti Jón Sveinsson.
- 23.00 Kvöldtónleikar. Filharmóniusveitin í München leikur ballettónlist eftir Leó Delibes, Fritz Lehmann stj.
- 23.45 Fréttir. Dagskrárlok.

## sjónvarp

Föstudagur

11. september 1981

- 19.45 Fréttagrip á tákmalí
- 20.00 Fréttir og veður
- 20.30 Auglýsingar og dagskrá
- 20.40 A döfni
- 20.50 Allt í gamni með Harold Lloyd/s. Sýrpa úr gömlum gamanmyndum.
- 21.15 Snerting og næmi. Þessi mynd frá BBC fjallar um snertiskyn líkamans.
- 22.05 „Frelsa oss frá illu“. (Deliver Us from Evil). Spennandi bandarísk sjónvarpsmynd frá 1973. Leikstjóri er Boris Sagal, en með aðalhlutverk fara George Kennedy, Jan-Michael Vincent, Bradford Dillman og Charles Aidman. Sex menn eru í fjallaferð, þegar einn þeirra drepur flugvélarraeningja, sem hefur kastad sér út úr flugvél í fallhlíf með hálfra millj. dollara í fórum sínum. Græðgin nær yfir höndinni og ferðalangarnir byrja að deila um féð. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 23.15 Dagskrárlok

## Fimmtudagsleikritið:

# Hvað er leikur og hvað raunverulegt líf?

„Hundrað sinnum gift“ heitir leikritið í kvöld og er eftir Vilhelm Moberg í þýðingu Huldu Valtýsdóttur.

Leikurinn segir frá Almström nokkrum, sem er leikstjóri í umferðaleikflokki, og konu hans, Astu, er leikur hjá honum. Þau eru ekki bara gift í veruleikanum, heldur líka á sviðinu oft og mörgum sinnum. Og þá fer eins og ósjaldan ber við, að hlutverkin verða stór þáttur í lífi þeirra – geddrigði leiksins ná til hjónabandsins, þannig að erfitt er að

greina hvað er leikur og hvað raunverulegt líf.

Höfundurinn, Vilhelm Moberg, fæddist í Algutsboda í Smálöndum árið 1898 og var hermanssonur. Hann vann við sitt af hverju á yngri árum, en gerðist seinna blaðamaður. Fyrsta leikrit hans var sýnt 1919 og tveimur árum síðar kom fyrsta skáldsagan. Frægastur hefur Moberg sennilega orðið fyrir „Vesturfara“, sem er í rauninni heill sagnabálkur. Kvikmynd hefur

verið gerð eftir því verki og var eins og kunnugt er flutt í sjónvarpinu ekki alls fyrir löngu. Þá hafa sögur hans „Kona manns“ og „Þeystu þegar í nótt“ báðar komið út á íslensku. Moberg lést 1973.

Leikstjóri „Hundrað sinnum gift“ er Gísli Halldórsson og með aðalhlutverkin fara Þorsteinn Ó. Stephensen og Guðbjörg Þorbjarnardóttir. Leikurinn tekur um 70 mínútur í flutningi og var áður á dagskrá í nóvember 1969.

Útvarp kl. 20.05:

## Anna Þórhallsdóttir syngur

– og hefur sungið í meira en 50 ár

Í kvöld kl. 20.05 hefst einsöngur í útvarpsal, en þá syngur Anna Þórhallsdóttir við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar, pianóleikara.

Nú eru liðin meira en fimmtíu ár síðan Anna hóf að syngja, en hún var meðal þeirra söngvara, sem sungu í útvarpi við upphaf ferils þess, í Tilraunastöð Ríkisútvarpsins í Edinborgarhúsinu við Hafnarstræti. Þá lék Emil Thoroddsen, tónskáld, undir einsöng, Önnu, og Þórarinn Guðmundsson, fíðluleikari, stjórnaði söng kórs, sem Anna söng í.

A ári fatlaðra er þess minnst, að Anna er upphafsmaður að skipulögðu hjálparstarfi fyrir lamaða og fatlaða á Íslandi. Þar hefur söngur Önnu, einnig komið við sögu, því árið 1945 söng hún til

ágóða fyrir sjóð, sem stofnaður var innan kvennastúkunnar, Rebekkustúkunnar nr. 1 Berg-



Anna Þórhallsdóttir.

þóru I.O.O.F., í Reykjavík, en formaður þeirrar stúku var Anna lengi vel, og beitti sér mjög fyrir hjálparstarfi við fatlað fólk. En meðlimir þar hafa starfað að þeim málum í þrjátíu og sex ár. Uppáhaldstónskáld Önnu eru að hennar eigin sögn prófessor Sígús Einarsson, og séra Bjarni Þorsteinsson, en hún hefur mikið sungið ljóðalög eftir prófessor Sígús og þjóðlög í útsetningum séra Bjarna.

Þess má einnig geta, að Anna Þórhallsdóttir er einn fárra Íslendinga, sem hefur vald á langspilinu, hinu þjóðlega hljóðfæri þjóðarinnar, og leikur á það eftir öllum kúnstarrinnar reglum.

Sem fyrr segir, hefst einsöngur Önnu kl. 20.05 í kvöld.

– jsj.